



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 25. júní 2025
202505-0155/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Einholtsvegur Skipulagsstofnunar.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna matskyldufyrirspurnar fyrir framkvæmd við endurbyggingu Einholtsvegar (358-02) í Bláskógabyggð, sem barst Náttúruverndarstofnun 30. maí 2025. Fyrirhuguð er endurbygging á um 7,5 km kafla milli Drumboddsstaðavegar (3683-01) og Hrunamannavegar (30-08). Vegurinn verður að mestu í núverandi vegstæði, að undanskildum 150 metra kafla sem færast lítillega til austurs.

Framkvæmdasvæðið er ofarlega í Biskupstungum, milli Tungufljóts og Hvítár, og liggur um lönd margra jarða, m.a. Drumboddsstaða, Einholts og Sandamýrar. Landnotkun á svæðinu er að mestu landbúnaður en einnig er ferðaþjónusta og frístundabyggð í grennd. Svæðið telst hluti af Suðurlandsundirlendi sem er þekkt fyrir mikið fuglalíf og nær yfir mikilvæg búsvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Votlendi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin liggi að tveimur svæðum sem skilgreind eru sem votlendi samkvæmt kortagrunni Náttúrufræðisstofnunar. Fram kemur að þessi svæði séu lítt röskuð og njóti verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Jafnframt er tekið fram að framkvæmdin fari að öllu leyti fram innan veghelgunarsvæðis og því sé ekki talið að frekara rask verði á vernduðu votlendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að vísað er í kortasjá Náttúrufræðisstofnunar þar sem nákvæmnin er 1:25.000. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvæðingabærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa

verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimt votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að útiloka röskun á vistgerðum með hátt verndargildi eða svæðum sem falla undir 61. gr., eru mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun forsenda þess að framkvæmd teljist ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif samkvæmt lögum nr. 111/2021.

Áhrif á fuglalíf og vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið liggur innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi, þar sem m.a. verpa spói (*Numenius phaeopus*), lóa (*Pluvialis apricaria*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*). Um er að ræða tegundir sem Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart samkvæmt Bernarsamningnum og teljast jafnframt til ábyrgðartegunda Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru allar fuglategundir á Íslandi alfriðaðar nema annað sé ákveðið með reglugerð. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að tryggja skuli vernd búsvæða og umhverfis villtra fugla, sérstaklega á varptíma. Þar segir jafnframt að óheimilt sé að raska hreiðurstæðum og trufla

fugla á varptíma. Þá er sveitarfélögum og leyfisveitendum skylt að tryggja að framkvæmdir valdi ekki röskun á mikilvægu fuglalífi.

Engin gögn fylgja matskyldufyrirspurninni um fuglatalningar eða kortlagningu hreiðrastæða á áhrifasvæðinu. Einnig vantar upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmda á varp, s.s. að framkvæmdir verði ekki unnar á viðkvæmstu tímabilum fuglalífs (apríl–júlí).

Mengun

Í greinargerð kemur fram að möguleg mengun geti skapast við framkvæmdir, meðal annars vegna úrgangs og aksturs véla. Að mati Náttúruverndarstofnunar er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir mögulegri örplastmengun og annarri mengun (t.d. slit á bremsuborðum).

Rannsóknir sýna að örplast vegna dekkjaslita og bremsubúnaði er meðal stærstu uppsprettna örplasts í umhverfinu.¹ Evrópska umhverfisstofnunin (EEA) greinir frá því að örplast úr sliti dekkja og vegyfirborðs sé ein meginuppspretta örplasts í ferskvatnskerfi Evrópu og megi rekja stærstan hluta þess örplasts sem berst frá ám til sjávar (bls. 40)².

Einnig þarf að skoða nánar hvort mengunarefni geta borist með yfirborðsrennsli í votlendi eða í gegnum jarðveg í grunnvatn, í vistkerfið og dýralíf.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar eru áhrif framkvæmdarinnar staðbundin og takmörkuð að því gefnu að framkvæmdin haldist innan núverandi vegstæðis, að gætt verði að verndun fuglalífs á varptíma og að mótvægisaðgerðir við rask á gróðri. Með þeim fyrirvara telur stofnunin ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Jafnframt er bent á eftirfarandi:

- Framkvæmdum skal haldið í lágmarki á varptíma ábyrgðartegunda nema að undangengnu mati líffræðings.
- Gróðurvernd skal tryggð með skjótum viðgerðum og aðgerðum til að hindra landrof.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/%C3%96rplast-BioPol_lokask%C3%BDrsla.pdf

² <https://www.eea.europa.eu/en/analysis/publications/plastics-the-circular-economy-and>



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 24. júní 2025
2505128HS RS

Efni: Einholtsvegur (358-02) - umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 27. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar á 7,5 km kafla á Einholtsvegi í sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Um er að ræða endurbyggingu á 7,5 km vegkafla á Einholtsvegi á milli Drumboddsstaðavegar (3683-01) og Hrunamannavegar (30-08) í sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Lítil breyting verður á núverandi veglínu fyrir utan 150 m kafla við vegamót Drumboddsstaðavegar þar sem vegurinn hliðrast um u.þ.b. vegbreidd til austurs. Áætluð efnispörf í endurbygginguna er 78.000 m³ og er reiknað með að megnið af efninu verði tekið úr skeringum eða úr nálægum námum.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfispættina mannlíf, útivist og ferðaþjónusta, landnotkun, heilsa og öryggi, verndarsvæði, landslag og ásynd, jarðmyndanir og vatnafar, vistgerðir og gróðurfar, dýralýf og fornleifar. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar metin neikvæð á mannlíf, útivist og ferðaþjónusta, heilsu og öryggi, og dýralíf á meðan á framkvæmdum stendur. Að framkvæmdum loknum voru áhrif framkvæmdar talin jákvæð á mannlíf, útivist og ferðaþjónusta, heilsa og öryggi. Þá voru áhrif á landnotkun, verndarsvæði, landslag og ásynd, jarðmyndanir og vatnafar, vistgerðir og gróðurfar, og dýralýf metin óveruleg og engin áhrif á fornleifar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á



framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið Suðurgata
39 101 Reykjavík (354) 570
13 00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Vegagerðin á Selfossi
Breiðumýri 2
800 Selfossi
800Selfoss

21. maí 2025
MÍ202505-0112/ 6.10 / O.I.

Efni: Einholtsvegur 358 í Bláskógabyggð. Endurbygging.

Með tölvubréfi dags. 5. maí 2025 óskaði María Dís Ásgeirsdóttir, deildarstjóri Tæknideildar Suðursvæðis Vegagerðarinnar eftir umsögn Minjastofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir við Einholtsveg í Bláskógabyggð. Er um að ræða rúmlega 7,5 km langan vegarkafla sem nær frá Hrunavegi í norðri og endar rétt sunnan við gatnamót við Drumboddsstaðaveg, skv. landfræðilegum gögnum frá Vegagerðinni. Í áður nefndu tölvubréfi kemur fram að framkvæmdin komi til með að vera bundin við núverandi veg, að mestu, en henni er jafnframt lýst nánar á eftirfarandi hátt:

„Núverandi vegur er um það bil 5-6 m breiður malarvegur en með fyrirhuguðum endurbótum stendur til að byggja veginn upp með styrktar- og burðarlagi þar sem þess er þörf og leggja klæðningu á veginn. Eftir endurbyggingu verður vegurinn að heildarbreidd 7,0 m með 6,8 m breiðri klæðningu og 10 sm malaröxlum og vegfláum með halla 1/3“.

Minjastofnun fékk send landfræðileg gögn frá Vegagerðinni sem sýna umfang framkvæmdarinnar og voru þau lögð yfir loftmynd og skoðuð í samhengi við fyrirliggjandi upplýsingar, í landfræðilegum gagnagrunni stofnunarinnar, yfir skráðar fornleifar í landinu. Kom í ljós að engin fornleifaskráning hefur fari fram á svæðinu. Ítarleg yfirferð loftmynda af framkvæmdasvæðinu leiddi þó til þeirrar niðurstöðu að ekki er talin ástæða til að fara fram á fornleifaskráningu vegna þeirra vegaframkvæmda sem hér eru til umfjöllunar, enda eru þær meira og minna bundnar við svæði sem þegar er raskað vegna núverandi vegar. Eru því taldar litlar líkur á að fornleifar sé þar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

að finna. Minjastofnun gerir því ekki athugasemdir við umræddar framkvæmdir við Einholtsveg 358.

Að lokum er þó rétt að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is
skipulag@utu.is



Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12.6.2025
Málsnúmer: 202505-0051
IAS

Efni: Einholtsvegur. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 27.maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna Einholtsvegar í Bláskógabyggð.

Fyrirhuguð er endurbygging á um 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi, milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar í Bláskógabyggð.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi en núverandi Einholtsvegur er malarvegur sem víða uppfyllir ekki kröfur veghönnunarreglna. Lítil breyting verður á núverandi veglínu nema á um 150 km kafla við vegamót Drumboddsstaðavegar þar sem veglínan hliðrast um u.þ.b. veggbreidd til austurs vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu. Áætluð efnispörf er um 78 000 m³ og er reiknað með að megnið af efninu verði tekið úr skeringum en annað efni tekið úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldu fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Framkvæmdasvæðið er allt innan mikilvæga fuglasvæðisins, Suðurlandsundirlendi, og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er nokkuð um votlendi við veginn. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru þó ekki líklegar til að hafa mikil áhrif á fugla fyrir utan truflun á framkvæmdatíma og þá er ólíklegt að frekara rask verði á votlendi utan veghelgunarsvæðis.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Mál nr. 0735/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0735/2025, Einholtsvegur (358-02) (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 388. fundi sem haldinn var 18.06.2025:
Umsagnarbeiðni, Einholtsvegur (358-02) á milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar í sveitarfélaginu Bláskógabyggð 2505102

Lögð er fram til umsagnar matstilkynning er varðar framkvæmdir við Einholtsveg (358-02) í Bláskógabyggð. Að mati sveitarstjórnar er með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum innan framlagðrar matsskyldufyrirspurnar. Líkt og fram kemur innan kafla 1.8 er framkvæmdin sem fjallað er um innan skýrslunnar háð útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um útgáfu framkvæmdaleyfa nr. 772/2012.

Höfundur: Ásta Stefánsdóttir/asta@blaskogabyggd.is

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:** Bláskógabyggð

Tilvísun RARIK: 2025-05-0327
Dagsetning: 23.06.2025

Umsögn RARIK.

Einholtsvegur (358-02)

Mál nr. 735/2025

Fyrirhuguð er endurbygging á um 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi (358-02) á milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar í sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi og samgöngur en litlar breytingar verða á veglínunni sjálfri.

RARIK hefur mótekið erindi yðar dags 30.05.2025 og hefur farið yfir tillöguna og vill vekja athygli á að strengur okkar liggur meðfram veginum. Komi til þess að strengurinn þurfi að færa óskum við eftir að haft verði samband við okkur.

Með kveðju,
Rúnar Freyr Ragnarsson
Verkefnaundirbúningur-Nýlagnir.